

Kynning á félagsfundum Eflingar
24.04.2023
og á námskeiði trúnaðarmanna
10.05.2023

Vegna tillögu um allsherjaratkvæðagreiðslu um úrsögn Eflingar úr SGS

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Hvað er SGS?

Eitt af landssamböndum launafólks

Um 70.000 meðlimir í gegnum 19 félög

Efling langstærsta félagið, með um það bil 28.000 félaga

Staða Eflingar innan SGS

Efling skilar ekki samningsumboði til SGS

Efling sækir ekki þjónustu til SGS

Efling greiðir háa skatta til SGS

Efling greiddi 53.311.162 krónur til SGS árið 2022

Efling og SGS - umræðan innan félagsins

Umræða um úrsögn Eflingar úr SGS hefur oft komið upp innan félagsins, ekki ný af nálinni

Ítarleg umræða í stjórn 2021

Ítarlega umræða í vetur: í samninganefnd Eflingar, í stjórn.

Samþykkt einróma á fundi trúnaðarráðs að boða félagsfund um málið

Afstaða formanns og stjórnar

Hagsmunum Eflingar betur borgið utan SGS

Skylda forystu félagsins að gæta að því að vel sé farið með fé félagsins

Óeðlilegt að greiða stórfé á hverju ári til sambands sem Efling sækir enga þjónustu til

Fjármunum betur varið í að byggja upp Eflingu

Staða Eflingar innan ASÍ

Hver er staða Eflingar innan ASÍ ef að af úrsögn úr SGS verður?

Formaður óskaði eftir því að MAGNA lögmenn ynnu minnisblað fyrir forystu félagsins um reglur sem gilda um úrsögn Eflingar úr SGS og hvaða afleiðingar úrsögn hefði á aðild Eflingar að ASÍ

Niðurstaða: Eftir lögmæta uppsögn úr landssambandi stendur eftir bein aðild félags að ASÍ samkvæmt lögum ASÍ

Staða Eflingar innan ASÍ, framhald

Hver er staða Eflingar innan ASÍ ef að af úrsögn úr SGS verður?

Formaður óskaði eftir staðfestingu frá ASÍ á því að það leiði af lögum ASÍ að ef Efling segi sig úr SGS standi eftir bein aðild Eflingar að ASÍ

Magnús M. Norðdahl lögmaður og sérfræðingur hjá ASÍ svaraði fyrir hönd ASÍ

Álit: “Samkvæmt framansögðu er engum vafa undirorpið, að segi aðildarfélag sig úr landssambandi raskar það ekki aðild félagsins að ASÍ. Í kjölfar úrsagnar tekur félagið stöðu sem félag í beinni aðild að ASÍ. Breyting af þeim toga krefst hvorki staðfestingar miðstjórnar eða þings ASÍ.”

Staða Eflingar innan ASÍ, framhald

Algjörlega ljóst: Segi Efling sig úr SGS hefur félagið sjálfstæða, beina aðild að ASÍ.

Tillaga um allsherjaratkvæðagreiðslu

Eftir að hafa rætt málið ítarlega, skoðað stöðuna, fengið svör við mikilvægum spurningum er það afstaða stjórnar Eflingar að boða skuli allsherjaratkvæðagreiðslu um úrsögn úr SGS

Félagsfundur tekur ákvörðun um hvort boða skuli allsherjaratkvæðagreiðslu um úrsögn samkvæmt lögum ASÍ

Fari atkvæðagreiðsla fram þurfa $\frac{2}{3}$ þeirra sem greiða atkvæði að samþykkja úrsögn úr SGS

Tillaga um allsherjaratkvæðagreiðslu

Félagsfundur Eflingar, haldinn 24. apríl 2023, samþykkir að haldin verði allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsfólks Eflingar um úrsögn Eflingar úr SGS. Stjórn Eflingar fær umboð fundarins til að ákveða útfærslu og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslunnar samkvæmt reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Allsherjaratkvæðagreiðsla stendur yfir

Atkvæðagreiðsla hófst fimmtudaginn 4. maí kl.15.00 og henni lýkur kl. 15.00 fimmtudaginn 11. maí.

Atkvæðagreiðslan er rafræn og krefst rafrænna skilríkja. Atkvæði eru greidd hér: <https://www.efling.is/2023/05/atkvaedagreidsla-um-ursogn-ur-sgs/>

Einnig er hægt að greiða atkvæði á pappír með því að koma á skrifstofu félagsins að Guðrúnartúni 1. Til þess að hægt sé að kjósa með slíkum hætti er nauðsynlegt að framvísa löggildum skilríkjum.